

Reykjavík, 17. apríl 2026

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Smiðju – Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík  
[umsagnir@althingi.is](mailto:umsagnir@althingi.is)

Bls. | 1

*(Lagt fram á samráðsgátt Alþingi)*

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna (þskj. 964 í 568. máli)**

Hinn 23. mars síðastliðinn lagði atvinnuvegaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna. Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfæri.

Í umsögn þessari verður fyrst og fremst sjónum einkum beint að 9. gr. frumvarpsins en með henni eru lagðar til breytingar á lögum um matvæli. Í grundvallaratriðum felast þessar breytingar í því að eftirlit á sviði matvæla, sem verið hefur í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, verði fært á herðar nýrrar Stofnunar atvinnuveganna. Samtökin eru meðvituð um að nær allar greinar frumvarpsins hafa tengsl við breytingu 9. gr., þar á meðal og ekki síst breytingar á 10.–51. gr. Rétt er að benda á að SVP veittu [umsögn um frumvarpið á samráðsstigi](#) en til hennar má líta.

### **SVP leggja afar ríka áherslu á að frumvarpið verði að lögum og verður nú vikið að forsendum þeirrar afstöðu.**

Það er ljóst að annmarkar hafa verið á fyrirkomulagi matvælaeftirlits. Einkenni annmarkanna hafa birst bæði samtökunum og aðildarfyrirtækjum þeirra í formi ósamræmis. Ósamræmið hefur ekki aðeins birst í mismunandi kröfum af hálfu eftirlitsaðila heldur einnig mismunandi framsetningu efnis eftirlitsskýrslna, efnisumfjöllun í eftirlitsskýrslum, mismunandi aðferðum eftirlitsmanna við eftirlit, mismunandi leiðbeiningum eftirlitsmanna, mismunandi mati á einstökum atriðum sem eru tekin til eftirlits og mismunandi niðurstöðum. Þó ekki sé beinlínis ástæða til að rekja í einstökum atriðum þau einkenni sem komið hafa fram má sem dæmi nefna mismunandi kröfur til efnis innhaldslýsinga á brauði og mismunandi kröfur til hitastigs.

Lengi vel tókust samtökin og aðildarfyrirtæki þeirra á við að reyna að rétta kúrsinn, þ.e. reyna að hafa áhrif til aukins samræmis í einstökum málum. Þá hafa samtökin jafnvel þurft að leita til fagráðuneytis í því skyni að reyna að knýja fram samræmi. Upp hafa komið tilviki þar sem jafnvel fagráðuneytið og undirstofnun þess hafa ekki megnað að leiða samræmi fram, hvort sem snýr að kröfum, framkvæmd eftirlits eða birtingu niðurstaðna. Dæmi eru um að 78. gr. stjórnarskrár hafi í reynd komið í veg fyrir að vinna mætti nauðsynlegar úrbætur.

Um nokkurra ára skeið hafa SVP fylgst með þeim athugasemdum sem ESA-eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við íslenskt matvælaeftirlit. Í formlegu áminningarbréfi frá júlí 2024 var hins vegar að finna umfjöllun sem varpar nokkuð skýru ljósi á að þrátt fyrir að á vettvangi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga starfi í ýmsu tilliti hæft fólk með góðan vilja er það fyrirkomulag eftirlitsins, stjórnsýsla og geta kerfisins til að takast á við þau verkefni sem vera ber sem gera það að verkum að það getur ekki gengið eftir. Ábendingar ESA eru alvarlegar og þeim ber að taka sem slíkum. Eru þingmenn hvattir til að kynna sér efni þeirra.

SVP telja frumvarpið rétt skref í átt til þess að unnið verði að úrbótum sem reynt hefur verið að fást við í mörg ár og telja afar mikilvægt að skrefið verði tekið. Eru nefndarmenn í atvinnuveganefnd hvattir til að hafa í huga að efni frumvarpsins er stærra hagsmunamál en svo að það varði aðeins störf í heimabyggð eða hagsmuni sveitarfélaga. Ekki er víst að fólk geri sér grein fyrir að svo sé.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



*Kristinn Már Reynisson*  
lögfræðingur